

# **AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARÐAR 2020-2035**

Viðbrögð við athugasemdum Skipulagsstofnunar

8. mars 2022



## 1 Viðbrögð Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Skipulagsnefnd sveitarfélagsins hefur brugðist við öllum athugasemdum Skipulagsstofnunar, dags. 7. febrúar 2022. Athugasemdirnar snéru að efnistökusvæðum, skrá yfir vegi í náttúru Íslands, landbúnaðarsvæðum, jarðgöngum yfir í Hörgársveit og öðrum atriðum á uppdráttum og greinargerð.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðbrögð sveitarfélagsins og tilvísun í uppfærða kafla í greinargerð og uppdrátt.

### 1.1 Efnistökusvæði

#### Breytingar á efnistökusvæðum

Endanleg niðurstaða um efnistökusvæði: 18 nýjar námur sem eru þegar í gildandi aðalskipulagi, fallið frá stækkunum á námum Landsnets vegna mögulegra breytinga á Blöndulínu 3 og dregið úr stækkun efnistöku/efnislosunarsvæðis við Nafirnar.

#### Samráð

Sveitarfélagið hefur kynnt öllum landeigendum áformaðar breytingar. Engir landeigendur óskuðu eftir að náma yrði tekin af skipulagi.

Samskipti og samráð sveitarfélagsins má finna í viðauka I.

Sveitarfélagið fundaði með leigjendum hlutaðeigandi lóða á Nöfunum varðandi breytingar á efnistökusvæði. Unnið er að samningsgerð um bætur vegna húsakosts og ræktunar lóðar 52. Aðilar gera ekki athugasemdir við breytta afmörkun efnistökusvæðis á aðalskipulagi.

Samskipti og samráð sveitarfélagsins má finna í viðauka II.

#### Umhverfismatsskýrsla

Umhverfismatsskýrslan hefur verið uppfærð varðandi þau 18 efnistökusvæði úr eldra aðalskipulagi, sem ekki voru inni í auglýstri tillögu að aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035.

### 1.2 Skrá yfir vegi í náttúru Íslands

#### Breyting á vegaskrá

Skipulagsnefnd hefur ákveðið að falla frá áformuðum breytingum á auglýstri tillögu á vegaskrá yfir vegi í náttúru Íslands. Ákveðið hefur verið, sökum þess hver sveitarfélagið er víðfeðmt, að vinna að umræddri skrá í tveimur áföngum.

Tillaga að vegaskrá verður því óbreytt frá auglýstri tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins.

#### Samráð

Sveitarfélagið leitaði afstöðu eftirfarandi aðila um tillögu að vegaskrá: Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Landgræðslan, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Samskipti og samráð sveitarfélagsins má finna í viðauka III.

### 1.3 Landbúnaðarsvæði

#### Breyting á landbúnaðarkafla

Kafla 12 um landbúnað hefur verið breytt til samræmis við athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar. Skýrari tenging er við flokkun ræktarlands, þar sem landbúnaðarland



hefur verið skipað í þrjú flokka. Hverjum flokki fylgja almenn og sértæk ákvæði. Auk þess hefur verið tekið úr texta umfjöllun um deiliskipulag og hvort þörf sé á slíku. Flokkun landbúnaðarlands er m.a. sýnd á sveitarfélagsupprætti.

#### **1.4 Jarðgöng yfir í Hörgársveit**

##### **Breyting á kafla um jarðgöng**

Sveitarfélagið leggur á það mikla áherslu að sýna jarðgöng í Hjaltadal. Í samræmi við athugasemd Skipulagsstofnunarinnar hefur verið bætt ítarlegri umfjöllun um forsendur ákvörðunarinnar og þá fyrirvara sem fylgja henni.

#### **1.5 Önnur atriði á uppdráttum og í greinargerð**

Skipulagsgögn hafa verið uppfærð í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunarinnar.

## **2 Niðurstaða**

Sveitarfélagið Skagafjörður telur að komið hafi verið til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunarinnar og því standi ekkert í vegi fyrir því að unnt verði að staðfesta nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins, sem beðið hefur verið eftir í nokkurn tíma.

## VIÐAUKI I

Samráð vegna fjölgunar efnistökusvæða

ASK sveitarfélagið Skagafjörður : Viðbættar námur frá Vegagerðinni : Umsagnarbeðni send út 18.02.2022

Númer	Aðili	Dagssetning	Athugasemd / Ábending	Viðbrögð
Nr. 1	Ásta Þorsteinsdóttir Kolgröf	28.02.2022	Sæl var að fá bréf frá ykkur um fjölgun efnisnáma í Skagafirði . Þar er talað um 2 ha í Kolgröf. Svo fylgir með kort sem eiga að sýna hvar þær eiga vera . Ég finn ekki Kolgröf þar? Hvar ætlið þið að taka mölina þar? Er það þar sem gamla náman er ? Svo talið þið um að þetta verið til hagsbóta í nágrenni námana t.d viðhaldi vega. Hverning væri þá að fara að bæta ofan í holurnar á Efríbyggðarveginn á norðan. Hann er að verða kominn a viðhald. Kveðja Ásta Hrönn Þorsteinsdóttir Kolgröf	SKP hringdi í Ástu og bauðst til að senda henni betra kort í tölvupósti sem hún þáði. SKP útskýrði afstöðu Vegagerðarinnar að þeir hafi óskað eftir að halda námunni inni til að eiga möguleika á að enduropana hana í samráði við landeigendur ef þess þarf. Vegagerðin færi svo með viðhald vega en ekki sveitarfélagið og benti henni á að hafa beint samband við þá. Ekki þörf á viðbrögðum.
Nr. 2	Fossmenn ehf. Gísli Ágústsson Skíðastaðanáma	01.03.2022	Óskar eftir lengri frest til að skoða málið.	SKP hringdi í Gísla Ágústsson og fór yfir málið með honum. Hann hafði spurningar hvort þeir yrðu að opna námuna aftur og selja efni til Vegagerðarinnar ef þetta færi inn á aðalskipulag. SKP útskýrði að ef þetta fer inn á ASK fylgir því engin kvöð um að enduropana námuna né selja efni til Vegagerðarinnar. Hann ætlar að láta vita fyrir enda dags 01.03.2022 ef þeir ætla að gera einhverjar athugasemdir.
Nr. 3	Arnþór Traustason og Marta María Friðþjófsdóttir Litlahlíð	28.02.2022	Símtal. Óska eftir betra korti af fyrirhuguðu námusvæði.	SKP sendi þeim betra kort í tölvupósti, þau höfðu áhyggjur af hvar væri tekið efni við árbakkana. SKP benti þeim á að Vegagerðin yrði að vera í samráði við landeigendur varðandi enduropnun námunnar/efnistöku á svæðinu. Ekki þörf á viðbrögðum.
Nr. 4	Sigurlaug Kristín Eymundsdóttir Tjörnum Hofsósi	25.02.2022	Símtal.	Ekki þörf á viðbrögðum.
Nr. 5	Jón Garðarsson Neðra-Ási / Tungunáma	01.03.2022	Símtal. Bendir á að það séu 3 landeigendur á umræddu námusvæði eftir landskipti.	SKP hringir í Erling Garðarson sem einnig er landeigandi á svæðinu og upplýsti hann um stöðuna. Ekki þörf á viðbrögðum.

			SKP fékk gefið upp nafn og símanúmer bróður hans Erling Garðarsyni og hringdi í hann til að upplýsa hann um stöðu mála. Þeir bræður gera ekki athugasemd við að halda námunni inni á aðalskipulaginu.	
<b>Nr. 6</b>	Þorbjörn R Steingrímsson Sandfelli Hofsósi	01.03.2022	Símtal. ÞRS spyr hvort hann verði að selja Vegagerðinni ef náman verði enduropnuð? Eða hvort hann ráði hverjum hann selji ef hann vilji enduropna námuna.	SKP útskýrir í símtali að landeigendur hafi heimild til að ákveða hvort eða hverjum þeir selji efni. Hann er sáttur við að halda námunni inni. Ekki þörf á viðbrögðum.

## VIÐAUKI II

Samráð vegna breytingar á efnistökusvæði á  
Nöfunum

16.02.2022

*Minnisblað vegna símtala við lóðarhafa 52/53 á Nöfunum á Sauðárkróki*

Hér koma nokkrir minnispointar frá samtali míns og Óla Sigurjóns Pétussonar í gær 15.02.2022 sem er annað símtalið sem ég á við hann vegna málsins (fyrra símtalið var 11.02.2022).

- Óli Sigurjón Pétursson er fulltrúi fyrir hönd lóðarhafa á lóð nr.52 Ragnheiðar Erlendsdóttur sem er móðir hans (83 ára) í þessum viðræðum.
- Hann og mamma hans/pabbi voru á sínum tíma með 3 lóðir: 52- 53 og 54. Lóð nr. 54 (Hvammurinn) var tekin af þeim þegar pabbi hans deyr því það þótti of mikið að þau hefði 3 lóðir til afnota.
- Hann og móðir hans hyggjast ekki að vera andstöðu við áform sveitarfélagsins og eru til í að veita okkur afnot af lóðinni á þessu ári (áður en leigusamningurinn rennur út) ef samningur um bætur til Ragnheiðar Erlendsdóttur lóðarhafa lóðar nr.52 liggja fyrir, hún er með 13.gr samning sem segir : „*Komi til uppsagnar leigusamnings er Sveitarfélaginu Skagafirði skylt að kaupa af leigutaka ræktun og mannvirki og skal greiðsla vera samkvæmt samkomulagi eða mati.*“
- Húsin 2 sem standa á lóðinni eru það gömul að Óli telur ekki að það sé hægt að flytja þau/færa.
- Skv. Steini Leó hjá Veitu- og framkvæmdasviðinu myndi helmingur af lóð 52 duga þeim næsta árið og væri því hægt að girða hinn helminginn (til austurs) af svo hægt verði að nýta það svæði áfram eins og kostur sé.
- Planið er að það taki 2-3 ár að taka alla lóð 52 í malarnám og fara þaðan í lóð 53. Óli gæti samt sem áður nýtt lóð 53 eftir að leigusamningurinn fellur úr gildi eins og hægt sé í samkomulagi við Veitu- og framkvæmdasviðið.
- Hann og pabbi hans borguðu á sínum tíma mikið fé (að hann minni þá 130.000-kr) fyrir heimtaugargjald hjá Sveitarfélaginu fyrir vatn /rafmagn sem tengist í húsin sem eru í norðvesturhorni lóðar 52 og nýtist honum einnig á lóð 53 í dag.
- Hann myndi því gjarnan vilja fá nýjar tengingar inn á lóð 53 sem hann leigir í dag til að geta nýtt það svæði áfram. Vatnstenging er forsenda þess að hann geti nýtt lóðina áfram.
- Sé þess kostur er Óli mikið til í að fá aftur „Hvamminn“/ lóð nr. 54 til beitar – þar sem hann nýtir landið á lóðum 52 og 53 í dag sem beit og til heyöflunar fyrir hrossin sín/fjölskyldunnar.
- Ég myndi ekki telja Hvamminn ákjósanlegan til heyöflunar/fyrir hús svo hrossabeit ætti að vera ein besta nýtingin fyrir þá lóð.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir  
Skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Skagafjarðar



## VIÐAUKI III

Samráð vegna vegaskrá yfir vegi í náttúru Íslands

ASK sveitarfélagið Skagafjörður : Vegir í náttúru Íslands : Umsagnarbeðni send út 18.02.2022

Númer	Aðili	Dagssetning	Athugasemd	Viðbrögð
Nr. 1	Umhverfisstofnun	28.02.2022 / 24.03.2022	<p><b>Flokkun vega</b> Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvaða tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vegirnir séu flokkaðir í samræmi við ofangreinda reglugerð, en að mati stofnunarinnar er tilgangur umferðar á nokkrum vegum óljós.</p> <p><b>Vötn á Skagaheiði</b> Tillagan gerir ráð fyrir vegum á Skagaheiði sem liggja að Aravatni og Ölvesvatni. Umhverfisstofnun bendir á að heiðin er mikið votlendissvæði með vötnum, tjörnum og votlendi sem falla undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013. Nokkuð er um vegslóða en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda vegum í lágmarki og skilgreina fáa vegi að vötnunum og um svæðið til að koma í veg fyrir rask á votlendi.</p> <p><b>Þjósárver og Miklavatn</b> Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan sveitarfélagsins eru tvö friðlýst svæði, þ.e. Þjósárver 1 og Miklavatn 2 en mikilvægt er að litið sé til friðlýsingarskilmála svæðanna við gerð vegaskrár. Umhverfisstofnun bendir á að skráin er háð samþykki</p>	<p>Frekari flokkun vega og skráning hvaða tíma árs og hvort umferð sé takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja verður unnin nánar í áfanga tvö.</p> <p>Mjög fáar leiðir eru skráðar inn á vötnin á Skagaheiði. Frekari viðbætur í áfanga tvö verða unnar í fullu samráði við landeigendur.</p> <p>Engar skráðar leiðir liggja um umrædd friðlýst svæði eins og er. Fullt samráð verður haft við Umhverfisstofnun í áfanga tvö.</p>

			<p>stofnunarinnar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við vinnslu skipulagstillögunnar verði haft samráð við stofnunina við gerð tillögu að vegaskrá á fundi þar sem farið er yfir þá vegi sem liggja innan friðlýstra svæða. Enn fremur bendir Umhverfisstofnun á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi á friðlýstum svæðum sveitarfélagsins skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess áskilur stofnunin sér rétt til umsagna á síðari stigum.</p> <p><b>Auka umsögn Umhverfisstofnunar 24.03.2022 :</b></p> <p>Í svari sveitarfélagsins dags. 8. mars og 22. mars sl. kemur fram að engar skráðar leiðir liggja um umrædd friðlýst svæði eins og er og fullt samráð verður haft við Umhverfisstofnun í áfanga tvö. Umhverfisstofnun hefur farið yfir afgreiðslu sveitarfélagsins og gerir ekki athugasemdir við hana. Umhverfisstofnun lítur svo á að sveitarfélagið muni hafa samráð við stofnunina á síðari stigum varðandi verkefnið.</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum. Frekara samráð verður haft í áfanga tvö.</p>
<b>Nr. 2</b>	Landmælingar Íslands	26.02.2022	<p>1) Í samfélaginu er aukin krafa um aðgengi að fullnægjandi landupplýsingum sem sýna mynd af raunveruleikanum. Þessu tengt hafa lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011 sett kvaðir á sveitarfélög að veita aðgengi að gögnum sínum í gegnum vefþjónustur fyrir árið 2023. Landmælingar Íslands hvetja því sveitarfélagið til að útbúa fullnægjandi grunn af vegum sveitarfélagsins sem hægt er að nýta í aðalskipulaginu sem og við hverskyns annað skipulag.</p> <p>2) Landmælingar Íslands vilja benda á að gögnin sem lögð eru fram í tillögu Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru sett fram á PDF formi og því ekki hægt að meta hvort vegagögnin</p>	<p>SKP sendi stafræna vegaskrá til LMÍ þegar að þessi athugasemd barst. Ekki hafa komið frekari viðbrögð síðan.</p>

			<p>uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkra gagna í nútíma samfélagi.</p> <p>3) Landmælingar Íslands gera ekki athugasemdir við skipulagið sjálft en telja um leið að það sé erfitt með þeim gögnum sem lögð eru til grundvallar. Til þess að stofnunin geti gefið fullnægjandi umsögn um gögnin og gæði þeirra þyrfti stofnunin að hafa grunn gögnin undir höndum eða aðgang að vefþjónustum þeirra.</p>	
<b>Nr. 3</b>	Landgræðslan	28.02.2022	<p>Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við tillögu að skrá í vegi á náttúru Íslands í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað</p>	Ekki þörf á viðbrögðum.
<b>Nr. 4</b>	Skagafjarðardeild Ferðaklúbbsins 4x4	21.02.2022	<p>Afstaða um tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands í aðalskipulagi 2020 – 2035. Við félagar í Skagafjarðardeild 4x4 fögnum þeirri vinnu sem Sveitarfélagið Skagafjörður hefur lagt í við endurkoðun á aðalskipulagi um vegi og slóða í Skagafirði. Enn fremur leggjum við ríka áherslu á áframhaldandi vinnu við áfanga tvö. Enda sé svæðið mjög víðfeðmt og margir gamalgrónir slóðar í notkun sem ekki eru á kortum fyrri áfanga skipulags.</p>	Ekki þörf á viðbrögðum að svo stöddu, verður unnið frekar í áfanga tvö.
<b>Nr. 5</b>	Vegagerðin	28.02.2022	<p>Skrá yfir vegi í náttúru Íslands þarf að vera þannig úr garði gerð að einungis verði sýndar tengingar við þjóðvegi sem hlotið hafa samþykki Vegagerðarinnar. Settur er fyrirvari við allar tengingar, að mögulega þurfi að breyta þeim, færa eða loka en ekki hefur gefist tími til að fara yfir þær. Vegagerðin óskar eftir að fá hver og ein vegamót sem fyrirhugað er halda opnum til umsagnar og samþykktar. Í skrá yfir vegi í náttúru Íslands í sveitarfélaginu eru nokkrir vegir sem eru á vegaskrá. Þeir vegir eiga ekki að vera í skrá yfir vegi í náttúru Íslands.</p>	Þeir vegir sem eru á Vegaskrá Vegagerðarinnar verða teknir af skránni yfir vegi í náttúru Íslands.

		<p>Í texta með skránni kemur fram að verið sé enn að vinna í henni og að vegir geti bæst við. Við skoðun á korti sést að engir vegir eru skráðir á stórum svæðum innan sveitarfélagsins. Því er nokkuð líklegt að talsvert notaðir slóðar t.d. veiðislóðar, séu utan skrárinnar. Þetta getur skapað vandræði ef notkun á slóðum í talsverðri notkun gætu verið skilgreind sem utanvegaakstur. Talsverð vinna virðist því vera eftir til að skrá um vegi í náttúru Íslands virki vel.</p> <p>Í umsögn við tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar voru litir á flokkun vega nefnd og er það ítrekað hér. Varðandi uppbyggingu gagna skal við gerð tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands verði farið eftir leiðbeiningum sem Skipulagsstofnun hefur gefið út: „Vegir í náttúru Íslands - Um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum“ (<a href="https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturu-islands_v4.pdf">https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/veginatturu-islands_v4.pdf</a>). Í leiðbeiningunum á bls. 4 er m.a. fjallað um til hvaða leiðir skal setja fram í skrá yfir vegi í náttúru Ísland og þar segir m.a.: Vegaskrá þessi tekur ekki til vega í byggð, svo sem heimreiða eða vinnuvega innan ræktaðs landbúnaðarlands.</p> <p>Í reglugerð nr. 260/2018, um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd (<a href="https://island.is/reglugerdir/nr/0260-2018">https://island.is/reglugerdir/nr/0260-2018</a>) er kveðið á að nákvæmni miðlínu vega í tillögu að skrá að vegum í náttúru Íslands sé að lágmarki +/- 5 m.</p> <p>Vegagerðin bendir á að heimasíðu Skipulagsstofnunar er að finna sniðmát fyrir vegi í náttúru Íslands, óskað er eftir að tillögu að vegaskránni verði skilað til Skipulagsstofnunar á því formi.</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum að svo stöddu, verður unnið frekar í áfanga tvö.</p> <p>Við skil á vegaskrá verður fylgt fyrirbyggjandi leiðbeiningum, sniðmáti og kröfum í reglugerð um vegi í náttúru Íslands.</p> <p>Við uppfærslu á vegaskrá verður tryggt að nákvæmni sé í samræmi við reglugerð.</p> <p>Uppfærð skrá fyrir 1. áfanga verður skilað skv. sniðmáti Skipulagsstofnunar.</p>
--	--	--	--

<p><b>Nr. 6</b></p>	<p>Náttúruverndar-samtök Íslands</p>	<p>04.03.2022</p> <p>ATH athuga-semdafrestur rann út</p> <p>28.02.2022.</p>	<p>1. Ekki verður séð að staðbundin náttúruverndarsamtök hafi verið beðin um umsögn. Á Norðurlandi starfa slík samtök, gamalgróin og nýlega endurreist; Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi. Mælst er til þess að leitað verði umsagnar þeirra samtaka, sem líklegust eru til að hafa á að skipa staðþekkingu innan sinna raða til að fjalla um tillöguna, þegar hún verður í því formi að unnt sé að fjalla efnislega um hana.</p> <p>2. Ekki virðist hafa verið leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þó stofnunin sé ekki lögbundinn umsagnaraðili, er sveitarstjórn bent á, að þar liggur fyrir þekking sem lýtur að mati sveitarstjórnarinnar, sjá 5. lið hér fyrir neðan. Þess er farið á leit að leitað sé umsagnar Náttúrufræðistofnunar.</p> <p>3. Samkvæmt 2. sbr. 1. mgr. 32. gr. náttúruverndarlaga er skrá um vegi í náttúru Íslands skrá um vegi, “aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil”. Ekkert kemur fram í umsagnarbeiðninni eða fylgiskjölum um að ákvörðun um umferð vélknúinna ökutækja sé í sjálfu sér til umsagnar. Kortið sem fylgir með umsagnarbeiðni ber ekki slíkt heiti, heldur er þar vísað til “flokunar vega” og að um sé að ræða skýringaruppdrátt í aðalskipulagstillögu, sem gerður hafi verið fyrir alllöngu. Leita þarf umsagnar að nýju, þar sem fram komi að óskað er umsagna um fyrirhugaða ákvörðun sveitarfélagsins um að að taka bindandi ákvörðun um það um hvaða vegi í náttúrunni skuli vélknúinn akstur verði leyfður til framtíðar. Ekki er einu sinni vísað til reglugerðar nr. 260/2018 sem sett er á grundvelli lagaákvæðisins. Gera verður lágmarkskröfu um skýrleika umsagnarbeiðna stjórnvalds, ekki síst þar sem um</p>	<p>Sveitarstjórn telur þörf á að fara ítarlega yfir verklag við skráningu vega í náttúru Íslands. Því hefur vinnu við skráningu verið skipt í tvo áfanga. Mun sveitarstjórn hafa til hliðsjónar umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands um þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir. Varðandi vegi sem eru innan hálendismarka, þá eru þeir alls 129 km og eru allir úr vegaskrá frá Vegagerðinni, og eru opnir öllum. Sveitarstjórn er því ekki að breyta vegakerfi á hálendinu frá því sem nú er. Skipulags- og byggingarnefnd hefur kynnt umrædda tillögu að vegaskrá skv. náttúruverndarlögum. Frekara samráð og gögn munu liggja fyrir í 2. áfanga skráningar vega í náttúru Íslands í Sveitarfélaginu Skagafirði.</p>
---------------------	--------------------------------------	---	--	---

		<p>nýlundu að ræða, og meðal annars vísa til lagaákvæða og þess hvers konar ákvörðun hér sé um að ræða efnislega.</p> <p>4. Ekki fæst séð af þeim gögnum sem fylgdu umsagnarbeiðni, hvort tillagan sem leitað var umsagnar um, hefur sem slík hlotið umfjöllun sveitarstjórnar. Upplýsa þarf umsagnaraðila um það hvaða umfjöllun, ef einhverja, tillaga um vegaskrá hefur fengið í sveitarstjórn til þessa dags.</p> <p>5. Nauðsynlegt er, svo umsagnaraðilar geti veitt efnislega umsögn, að sveitarstjórnin upplýsi þá á hvern hátt hún hefur fram að gerð tillögunnar sem leitað er umsagnar um (og virðist mögulega vera gerð 2020), gert hið lögbundna mat skv. 3. mgr. 32. gr. náttúruverndarlaga þegar undirbúin var ákvörðun um hvort tiltekinn vegur skuli tilgreindur á vegaskrá. Er þar vísað til þess að sérstaklega skuli líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að: a. raska viðkvæmum gróðri, b. valda jarðvegsrofi, c. hafa neikvæð áhrif á landslag, d. hafa neikvæð áhrif á víðerni og ásýnd lands eða e. hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.</p> <p>6. Nauðsynlegt er einnig, með vísan til sama lagaákvæðis að umsagnaraðilar séu upplýstur um hvort sveitarstjórn hafi einnig litið til sjónarmiða sem heimilt er að líta til við mat á hvort leyft skuli að aka slóða í náttúrunni, sbr. einnig ákvæði reglugerðar settrar með stoð í lagaákvæðinu, sem vísað er til í umsagnarbeiðninni: a. hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, b. hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og c. hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa</p>	
--	--	---	--

7. Á korti því sem fylgdi umsagnarbeiðni og ofangreint er klippt út úr, getur að líta mikið slóðanet á miðhálandi Íslands sem virðist vera hugmynd sveitarfélagsins að heimila vélknúinn akstur á, ekki síst á hálendinu rétt norðan Hofsjökuls. Tilgangur þess kemur ekki fram. Engin grein er gerð fyrir mati sveitarfélagsins á því að hvaða leyti hver slóði um sig fellur að viðmiðunum sem skylt er að taka tillit til, sbr. umfjöllun hér að framan. Hér er að hluta til um þjóðlendu að ræða og að hluta til friðlýst svæði. Svæðið tilheyrir miðhálandi Íslands og um það gildir víðernavernd Landsskipulagsstefnu auk náttúruverndarlaga. Nýverið hefur einmitt farið fram nákvæm vísindaleg kortlagning á víðernum miðhálandisins, meðal annars að tilhlutan Náttúruverndarsamtaka Íslands og Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi, sem mun verða kynnt síðar í mánuðinum, en á grófu korti sem birt hefur verið má sjá að svæði norðan Hofsjökuls er líklegt til að skerðast að því leyti sem þar yrði bindandi ákvörðun tekin um heimild til vélknúins aksturs. Farið er fram á það að lágmarki að lögbundið mat skv. 3. gr. 32. gr. náttúruverndarlaga liggja fyrir á hverjum og einum vegslóða sem tillaga er gerð um að heimila vélknúinn akstur á innan miðhálandisins og sé gerð aðgengileg umsagnaraðilum.

8. Náttúruverndarsamtökin telja sig ekki hafa þekkingu til að fjalla efnislega um vegslóðanetið á láglandi, en um nokkuð marga slóða er að ræða. Farið er fram á um að ákvörðun um að heimila vélknúna umferð um hvern og einn þeirra sé farið að lögum og að gerð sé grein fyrir hvernig hver og einn þeirra uppfyllir lögbundin viðmið. 9. Samkvæmt reglugerðarákvæði “skal flokka” heimild til notkunar í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun. Í



		<p>öllum tilvikum er þess því farið á leit að í tillögu sé gerð grein fyrir því hvort lagt er til að ákvörðun sé tekin um algerlega ótakmarkaða vélknúna umferð á tilteknum vegi, eða takmarkaða heimild (s.s. við smalamennsku, veiði, eftirlit og viðhald orku- og veitumannvirkja eða rannsóknir), eða þá tímabundna vélknúna umferð (t.d. sumar- eða haustumferð á hálendi). Er sú flokkun í opna vegi og vegi með takmarkaða notkun í samræmi við lagaskyldu sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018. 10. í fullbúinni tillögu sveitarstjórnar til umsagnar, þarf vegaskrártillagan, auk alls framanritaðs, að hafa skrá eða merkingar, þannig að umsagnaraðilar eigi kost á að vísa til tiltekins vegar eða slóða sem til stendur að heimila óhefta eða takmarkaða vélknúna umferð á. Það er ekki hægt á grundvelli gagnanna sem send voru.</p> <p>Náttúruverndarsamtökin telja að ekki hafi verið uppfyllt lagaákvæði um málsmeðferð skv. 32. gr. náttúruverndarlaga fyrr en tekið hefur verið á ofangreindum ábendingum samtakanna. Ekki er nægilegt að senda til umsagnar tillögu sem er “stafræn og tak[i] mið af ÍST 120 staðli og fitjuskrám” eins og áskilið er í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018, enda er reglugerðin útfærsla laganna og lögín kveða á um ákvörðun og víðtækt samráð við undirbúning vegaskrár og það verður ekki gert nema fyrir umsagnaraðilum liggi gögn um lögbundið mat sveitarstjórnar, forsendur hennar og tillaga að flokkun í opna vegi og takmarkaða umferð. Samtökin áskilja sér rétt til að hafa uppi frekari athugasemdir á seinni stigum máls</p>	
--	--	---	--